

Ferðamálastofa

Skýrsla um úttekt og skráningu á 20 vinsælum ferðamannastöðum á Íslandi 2011

Aðgengi ehf

Nóvember 2011



ACCESS ICELAND
GOTT AÐGENGI

SKRÁNING Á AÐGENGI / www.AccessIceland.is
✉ info@AccessIceland.is / ☎ +354 662 2674

AÐGENGISMÁL SNERTA UM 120 ÞÚSUND
ÍSLENDINGA OG 100 MILLJÓNIR EVRÓPUBÚA



Efnisyfirlit

Stutt lýsing á verkefninu.....	2
Samantekt.....	3
Yfirlit yfir úttektir.....	4
Skýring á táknum.....	5
Úrdráttur úr skýrslum.....	5
Lokaorð.....	26

Stutt lýsing á verkefninu sem sótt var um styrk fyrir

Vekefnið nær yfir úttektir, skráningu, vottanir og birtingu á aðgengisupplýsingum fyrir 20 vinsæla ferðamannastaði á Íslandi.

Fyrirtækið Aðgengi ehf gerði samstarfssamning við dönsku samtökin Foreningen Tilgængelighed for Alle (FTA), sem rekur Aðgengiserkjakerfið (Mærkeordningen) og leitarvélina www.godadgang.dk, árið 2010. Í desember sama ár opnuðum við heimasíðuna www.GottAdgengi.is / www.AccessIceland.is sem er upplýsinga- og þjónustuvefur sem auðveldar leit að upplýsingum um aðgengilega staði. Notast er við Aðgengismerkjakerfi God adgang sem er skipt í 7 flokka. Vottun er veitt fyrir mannvirki, bæði innan- og utandyra, náttúruperlur, þjónustu o.þ.h.

Flokkarnir eru:

- Hjólastólanotendur
- Göngu- og handaskertir
- Blindir og sjónskertir
- Heyrnarskertir
- Astmi og ofnæmi
- Þroskahamlanir
- Lestrarörðugleikar

Aðgengismerkjakerfið greinir aðgengi eftir þessum 7 flokkum og hver flokkur hefur sitt merki. Til að starfssemi geti öðlast merki þarf staðurinn að uppfylla lágmarkskröfurnar sem aðildarfélög fatlaðra á Íslandi hafa samþykkt.

Til að forðast allan misskilning þá er ekki verið að meta aðgengi eftir gildandi byggingarreglugerð heldur er aðeins metið hvort hægt sé að komast um og nýta aðstöðuna. Til dæmis, uppfylli staðurinn lágmarkskröfur fyrir hjólastólaaðgengi fær hann merki fyrir þann flokk.

Viðkomandi staður getur því fengið allt frá einu upp í sjö merki í samræmi við uppfylltar lágmarkskröfur. Aðgengismerkjakerfið er vottað gæðakerfi.

Skýrslurnar sem unnar eru eftir að skráning hefur verið framkvæmd eru gott verkfæri til að meta og forgangsraða úrbótum í aðgengismálum fyrirtækja, stofnana og útivistarsvæða sé þess þörf. Í skýrslunum kemur skýrt fram hvað þarf að bæta fyrir hvert merki.








FTA í Danmörku stefnir að því að Merkjakerfið verði samnorrænt kerfi og í framhaldi af því Evrópskt.

Fyrir erlenda ferðamenn virkar leitin vel. Hægt er að leita að stöðum á dönsku síðunni á íslensku og Danir geta sömuleiðis leitað að íslenskum stöðum á dönsku. Einnig er boðið upp á ensku, þýsku og sænsku.

Að hafa möguleika á að leita sér upplýsinga um aðgengi áður en lagt er af stað í ferðalag getur skipt sköpum um hvort farið verði af stað eða ekki og þar af leiðandi er gottadgengi.is / AccessIceland.is mikilvægt öryggistæki í því samhengi. Skráning í gegnum vottað kerfi gefur öryggi í upplýsingum. Einnig má hafa í huga að skráningarnar eru „lifandi“ og hægt að uppfæra þær eftir því sem aðstaðan breytist.

Samantekt

Sumarið og haustið 2011 var farin úttektarferð um landið að undanskildum Vestfjörðum. Við upplýsingaöflun var stuðst við gátlista úr Aðgengismerkjakerfi Access Iceland (Gott aðgengi) og teknar ljósmyndir. Í kjölfarið voru upplýsingarnar skráðar í gagnagrunn Aðgengismerkjakerfisins. Gagnagrunnurinn vegur og metur innskráðar upplýsingar eftir þeim lágmarkskröfum sem eru notaðar sem viðmið um hvort aðstæður eru aðgengilegar í hverjum fötlunarflokki fyrir sig. Eins og fram hefur komið eru flokkarnir sjö:

-  Hjólástólanotendur
-  Göngu- og handaskertir
-  Blindir og sjónskertir
-  Heyrnarskertir
-  Astmi- og ofnæmi
-  Þroskahömlun
-  Lestrarörðugleikar

Helstu niðurstöður úttektanna gefa til kynna að í nær öllum tilfellum vantar eitthvað upp á til að lágmarkskröfum fyrir fyrstu þrjá flokkana sé náð. Ástæður þess að lágmarkskröfum er ekki náð geta verið margar, en oftast eru það vöntun á merkingum og afmörkun bílastæða fyrir fatlað fólk, vöntun á handlistum við halla yfir 6,25% og tröppur. Of mjúkt yfirborði stíga sem og grjót og klappir geta einnig verið orsakavaldar. Jafnframt er vöntun á leiðarlínum, afmörkun stíga og innganga sem og tröppunefja og þrepa fyrir blinda og sjónskerta. Skilti eru einnig oft misaðgengileg hjólástólanotendum og það vantar punktaletur þó ekki væri nema á fyrirsögnum og helstu upplýsingum.

Í mörgum tilfellum er hægt að bæta úr þessum þáttum, á einfaldan og kostnaðarlítinn hátt. Hvorki verður komið með tæmandi lista af mögulegum úrbótum né að þær geti talist nægjanlegar í öllum tilfellum.

Mögulegar úrbætur á merkingum bílastæða fyrir fatlað fólk:

Merkja skal stæði með lóðréttu merki við bílastæðið. Til að fyrirbyggja að notandi stæðisins verði innikróaður af öðrum farartækjum þarf að afmarka svæðið á undirlaginu/jörð. Þar sem undirlag er mól eða þess háttar getur verið erfitt að afmarka stæðið en til þess mætti til dæmis nota stóra steina eða steypuklossa með áföstum stöngum í sitthvort efra horn stæðanna. Einnig væri hægt að nýta staurana til að halda kaðli eða keðju. Til að kaðallinn/keðjan verði ekki of slök eða hætta á að hún myndi slást utan í bílinn í roki væri eflaust heppilegt að vera með miðjustaur sem væri þá um leið festing fyrir merkið.

Setja skal upp einfalda handlista beggja vegna við stíga að minnsta kosti þar sem halli er meiri en 6,25%. Í einhverjum tilfellum væri kannski hægt að minka hallan með því að gera hjáleíð.

Uppbygging stíga og yfirborðsefni er mikilvægt og þar sem einungis eru malarstígar þarf yfirborðsefnið að vera fín mól með mismunandi kornastærð sem auðvelt er að þjappa. Hanna þarf stígana þannig að auðvelt sé að nema brúnir þeirra (sjónskertir). Kantar sem eru um 4 cm á hæð yfir yfirborði stíga nýtast einnig sem hjólavörn. Þar sem settir eru upp kaðlar til að varna gróðri og eða stýra umferð væri tilvalið að hafa þá þannig staðsetta og þannig úr garði gerða að hægt sé að nota þá sem leiðarlínur. Á þeim stöðum sem úttektin nær yfir eru þessir kaðlar oft settir rétt fyrir utan stíginn þannig að sá sem reynir að fylgja þeim getur átt það á hættu að hnjóta um gróður eða brún á stígum/pöllum. Þess má geta að handlistar nýtast nær öllum fötlunarflokkunum hvort sem er til stuðnings eða rötunar. Upphaf stíga og/eða innganga af öllu tagi þarf að aðgreina vel á einhvern hátt þannig að þeir séu auðséðir t.d. með mismunandi yfirborðsefni á undirlagi og/eða með steinum eða stólpum í afgerandi litum.

Á flestum stöðum eru skilti sem skýra frá umhverfinu, en þau eiga öll sameiginlegt að ekki er tekið tillit til blindra og mikið sjónskertra með því að hafa upplýsingar á punktaletri.

Yfirlit yfir úttektir

Úttekt og skráning á aðgengi að 20 vinsælustu ferðamannastöðum á Íslandi sumarið 2011. (Ef þú velur nafn staðarins og Ctrl+Smella þá ætti skráningin að opnast í nýjum glugga)



[Ásbyrgi](#)



[Haukadalsskógur](#)



[Dettifoss að austanverðu](#)



[Hraunfossar](#)




[Dettifoss að vestanverðu](#)



[Hverasvæðið í Hveragerði](#)



[Dimmuborgir](#)



[Hvítserkur](#)



[Djúpalónssandur](#)



[Jökulsárlón](#)



[Garðskagaviti](#)



[Kjarnaskógur](#)




[Geysir í Haukadal](#)



[Landmannalaugar](#)



[Goðafoss](#)




[Lystigarður á Akureyri](#)



[Gullfoss](#)



[Námafjall - Hverarönd](#)











[Hallormsstaðaskógur](#)



[Þingvellir](#)

Skýring á táknum

-  Hjólástólanotendur
 -  Göngu- og handaskertir
 -  Blindir og sjónskertir
 -  Heyrnarskertir
 -  Astmi- og ofnæmi
 -  Þroskahömlun
 -  Lestrarörðugleikar
-
-  Upplýsingar (merki ekki úthlutað)

Útdráttur úr skýrslum

Eftirfarandi eru stuttar lýsingar á úttektum og merkjaúthlutunum 20 vinsælla ferðamannastaða á Íslandi. Ítarlegri skýrslur fyrir hvern stað munu verða sendar í sérstakri samantekt.



Ásbyrgi

Ásbyrgi er tiltölulega aðgengilegt svæði fyrir utan neðri útsýnispall við Botnstjörn.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Afmarka bílastæði fyrir fatlaða á yfirborði einnig mætti setja stærra skilti en er nú.
- Afmarka greinilega aðkomu að stígum og leiðarlínur eftir stígakerfunum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Lagfæra tröppur niður að Botnstjörn
- Handrið ættu að vera beggja vegna í tröppum
- Handrið ættu að vera beggja vegna þar sem halli fer yfir 6,25%
- Setja mætti upp fleiri hvíldarbekki á stígakerfinu og þá með bakstuðningi og örmum.

Ásbyrgi - bílastæði og snyrting



Ásbyrgi - Botnstjörn



Ásbyrgi - Botnstjörn, efri útsýnispallur





Dettifoss að austanverðu

Mikill munur er á aðkomu og aðstöðu við Dettifoss að austanverðu annarsvegar og að vestanverðu hinsvegar. Bílastæði er að mörgu leyti ásættanlegt að austanverðu en ekkert stæði er merkt fötluðum. Snyrting er vel aðgengileg öllum en stígakerfið er algerlega ófært öðrum en þeim sem geta gengið niður háar tröppur án stuðnings og fótað sig í grófu landslagi.

Bekkir eru í nágrenni snyrtinganna en ekki eru um fleiri hvíldarbekki að ræða á leiðinni að fossinum.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Afmarka greinilega aðkomu að stígum og leiðarlínur eftir stígakerfunum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Handrið ættu að vera beggja vegna í tröppum.
- Handrið ættu að vera beggja vegna þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja mætti upp hvíldarbekki á stígakerfunum.
- Hugsa þarf nýja aðkomu að fossinum að austanverðu frá grunni ef leiðin á að vera aðgengileg öllum.

Dettifoss - Aðkoma að austanverðu





Dettifoss að vestanverðu

Mikill munur er á aðkomu og aðstöðu við Dettifoss að austanverðu annarsvegar og að vestanverðu hinsvegar. Aðkoma að vestanverðu er öllu betri en búið er að leggja malbik á bílastæðin. Þegar þessi skýrsla er gerð liggur ekki fyrir hvort búið sé að afmarka bílastæðin og þar á meðal bílastæði fyrir fatlaða. Snyrtingar eru hefðbundnar fyrir útivistarsvæði og ein aðgengileg öllum, þó er dálítið bratt upp á pallinn umhverfis húsið.

Bekkir eru í nágrenni snyrtinganna en ekki er vitað um fleiri hvíldarbekki á leiðinni að fossinum.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Afmarka greinilega aðkomu að stígum og leiðarlínur eftir stígakerfunum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa stíg af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handrið ættu að vera beggja vegna þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja mætti upp hvíldarbekki á stígakerfunum.

Dettifoss - Aðkoma að vestanverðu





Dimmuborgir

Dimmuborgir gætu orðið mun aðgengilegri en þær eru með fáum breytingum. Athuga mætti hvort hægt væri að komast hjá því að fara upp á hæðina þar sem hliðið er til þess eins að fara niður brekkuna hinumegin. Væri möguleiki á göngum eða aðkomu annarsstaðar frá?

Í úttektinni var bara farinn Litilhringur og er stígurinn góður fyrir utan eina bratta brekku sem óhjákvæmilegt er að fara um sé allur hringurinn farinn. Eftir því sem ég hef lesið mig til þá ætti að vera hægt að fara að Kirkjunni og sömu leið til baka án stórra vandræða en seinni hluti Stórahings er erfiðari yfirferðar. Einnig er brött brekka upp að þjónustumiðstöðinni en samkvæmt upplýsingum staðarhaldara þá á að merkja bílastæði fyrir fatlaða upp við húsið.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Afmarka bílastæði fyrir fatlaða bæði við inngang í Dimmuborgir og uppi við þjónustumiðstöðina.
- Afmarka greinilega leiðarlínur eftir stígakerfunum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa stíg af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stíg þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja mætti upp hvíldarbakki á stígakerfunum.

Dimmuborgir





Djúpalónssandur

Göngusvæðið við Djúplón hefur tekið miklum breytingum og búið að setja upp góðar gönguleiðir og snyrtingar. Víða er þónokkur halli á stígnum sem getur verið erfiður þegar ekki eru handlistar eða hvíldarpallar. Borð og bekkir eru utan stíganna sem gerið aðkomu að þeim erfiða fyrir hjólastólanotendur. Snyrtingar eru læstar yfir vetrartímamann svo ekki er hægt að nota þær á þeim tíma.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígnum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa malarstíg af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Setja upp snúnigsflöt við enda malarstígs.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja mætti upp hvíldarbekki við stígana.
- Borð og bekkir ættu að vera á föstu og þéttu undirlagi.

Djúpalón - Bílastæði og WC



Djúpalón - Göngustígur (malarstígur)



Djúpalón - Göngustígur (trefjaborð)



Djúpalónssandur - útsýnissvæði m. bekkjum





Garðskagaviti

Garðskagavitarnir sjálfir eru ekki aðgengilegir öðrum en þeim sem treysta sér til að ganga brattar tröppur og jafnvel án handlista. Umhverfi vitanna er vel aðgengilegt. Svæðið er mjög slétt og góðir stígar. Hægt er að komast að gamla vitanum eftir steyptri stétt með handlistum beggja vegna þar sem hallinn fer yfir 6,25%. Hvíldarbekkir eru á nokkrum stöðum en mættu vera fleiri. Byggðasafn Garðskaga er í næsta nágrenni og þar er hægt að komast á snyrtingu á opnunartíma safnsins. Á tjaldsvæðinu við gamla vitann er snyrting opin almenningi en þar er ekki aðgengi fyrir alla og mjúkt malarlag í kring.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Afmarka bílastæði fyrir fatlaða við gamla vitann.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígunum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Þjappa yfirborð í kringum útisnyrtingu.
- Setja upp aðgengilega snyrtingu við tjaldsvæðið.

Garðskagaviti - 1897 - (útisvæði)



Garðskagaviti - 1944 - (útisvæði)





Geysir

Geysir er eitt mest sótta ferðamannasvæði landsins og alveg óhætt að segja að mjög lítið hefur verið gert í aðgengismálum staðarins. Það er með ólíkindum að ekki sé enn búið að setja upp sérmerkt bílastæði fyrir fatlað fólk beggja vegna Þjóðvegjarinnar. NB! Eitt sérmerkt stæði er við Þjónustumiðstöð en það þyrfti að vera breiðara fyrir utan að eitt stæði getur ekki talist ásættanlegt miðað við þann fjölda sem leggur leið sína á svæðið. Einnig er óásættanlegt að geta ekki lagt Geysis megin því þá getur viðkomandi sloppið við að fara yfir Þjóðveginn en þar er oftast mikil bílaumferð auk þess sem mikill halli er á stígum frá Þjónustumiðstöð að göngubrautinni, sem er ekki almennilega merkt í þokkabót.

Inni á Geysissvæðinu, þar sem búið er að leggja stíga, er aðgengi fyrir hjólastólanotendur nokkuð gott en þar er halli mest um 5%. Ekki er hægt að komast um allt svæðið og því nauðsynlegt að finna lausn sem sátt ríkir um til að allir hafi jafnan aðgang að þessari náttúruverlu.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Afmarka bílastæði fyrir fatlaða við báða innganga inn á svæðið sem og við Þjónustumiðstöð.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa malarstíga/jarðvegsstíga af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja upp hvíldarbakki á eða við stígana þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Geysir - Bílastæði við inngang að norðanverðu



Geysir - Bílastæði við Þjónustumiðstöð



Geysir - Svæði við Geysi - utan stíga



Geysir í Haukadal- Aðalstígur við Geysi





Goðafoss

Aðkoma að austanverðu:

Bílastæði eru við verslunina rétt við þjóðveginn, malbikað plan en ekkert sérmerkt fötluðum. Göngustígur er frá versluninni að gömlu brúnni til að komast vestan við fossinn. Annar göngustígur er í um 100 m fyrir ofan þjónustumiðstöðina. Hann byrjar sem 120 cm breiður malarstígur en breytist í malar/moldarstíg og mjókkar eftir því sem nær dregur fossinum og endar sem troðningur. Stígurinn er víða brattur og erfiður yfirferðar. Stígurinn er tekinn í beina línu frá veginum í stað þess að reyna að draga úr halla með því að sveigja hann. Ágætis snyrting aðgengileg öllum, með beinu aðgengi að utan, er við tjaldsvæði rétt við stíginn að austanverðu.

Aðkoma að vestanverðu:

Malbikað bílaplan en ekkert sérmerkt stæði fyrir fatlaða. Stígar með þéttri mól 50-100 m til beggja handa frá bílastæðinu. Þónokkur halli er á stígnum til vinstri frá bílastæðinu. Hellulagt plan fyrir framan upplýsingaskilti. Stígar næst fossinum eru moldartroðningar sem eru erfiðir yfirferðar. Leiðarlínur og afmörkun svæða fyrir blinda og sjónskerta er mjög ábótavant.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða bæði austan og vestan við fossinn.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígnum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa malarstíga/jarðvegsstíga af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja upp hvíldarbekki á eða við stígana þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Goðafoss - Aðkoma að austanverðu



Goðafoss - Aðkoma að vestanverðu





Gullfoss

Neðra bílastæði og stígar:

Neðra bílastæði og það sem er næst fossinum er malbikað og vel aðgengilegt. Sett hafa verið tvö sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða.

Stéttir og stígar eru vel aðgengileg fyrir hjólastólanotendur sem og útsýnispallur meðfram gjábakkanum. Að vísu vantar leiðarlínur eða afmörkun fyrir blinda og sjónskerta. Engin upplýsingaskilti eru á neðra svæðinu. Grófur malarstígur liggur svo meðfram hamrabeltinu að fossinum. Ekki er hægt að komast á hjólastólum nema með mikilli aðstoð. Ekki er heldur ráðlegt fyrir gönguskerta að fara eftir þessum stíg nema með aðstoð. Mjög erfitt er að komast út á klappirnar við fossinn nema með mikilli aðstoð ef um hreyfiskerðingu er að ræða. Tröppur upp á efra svæðið eru ágætar en erfitt er að ná gripi á handlistum.

Efra bílastæði og stígar:

Olíuborið bílaplan er við efra svæðið en ekkert bílastæði sérmerkt fötluðum. Upplýsingaskilti eru við Sigríðarstofu. Engin skilti eru á svæðinu sem benda á hvar fossinn er en hann sést ekki frá bílastæðunum. Búið er að leggja „timbur“ stíg frá þjónustumiðstöðinni út á hamrabeltið fyrir ofan fossinn. Stígurinn sem slíkur er góður en enn vantar að leggja pallaefnið á smá spotta næst þjónustumiðstöðinni. Þar er malarsvæði úr perlumöl sem er mjög erfitt yfirferðar fyrir allan hjólabúnað og fyrir þá sem eiga erfitt með gang. Stígurinn er mjög langur og þónokkur halli á nokkrum stöðum en hvorki hafa verið settir handlistar né hvíldarbekkir við hann. Áframhaldandi stígar og útsýnispallar við hamrabrúnina eru sléttir og góðir en þar vantar handlista við brekkur og handrið. Hvíldarbekkir eru fyrir utan stígakerfið og mjög vont aðgengi að þeim, þeim þyrfti einnig að fjölga.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða bæði á efra bílastæði.
- Skipta perlumöl út fyrir þétt og slétt yfirborð.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir öllum stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa malarstíg af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja upp hvíldarbekki á eða við stígana þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Gullfoss - Aðkoma að neðanverðu



Gullfoss - Aðkoma að ofanverðu





Hallormstaðaskógur

Mörg svæði sem tilheyra Hallormstaðaskógi eru með ágætu aðgengi fyrir alla, sum þó betri en önnur. Þeir þrír staðir sem við skráðum eru einna bestir. Guttormslundurinn er þó ekki auðveldur nema þeim sem eru göngufærir. Trjásafnið er mjög skemmtilegur staður og margir stígar. Stígarnir geta verið dálítið mjúkir fyrir þá sem nota hjólastóla eða önnur hjálpartæki og aðkoman af bílastæðunum er erfið því það þarf að fara niður mjög bratta brekku eða niður tröppur. Upplýsingaskilti eru við bílastæðin en ekkert stæðanna er sérmerkt fötluðum. Hægt er að komast að stígnum frá öðrum stöðum á bílum en ekki er gert ráð fyrir að bílar leggi annarsstaðar en á bílastæðunum. Hvorki er aðgengileg snyrting við Trjásafnið né Guttormslund.

Atlavík er fallegur staður og einna hentugastur til að ferðast um, þar eru sléttir stígar sem eru vel þjappaðir og auðvelt að komast um. Á svæðinu eru snyrtingar og þar af ein aðgengileg öllum. Að vísu þarf að skoða nokkur atriði eins og hurðaopnunina sem er mjög þung. Koma þarf fyrir einarma blöndunartækjum á handlaug, spegill fyrir ofan handlaug er allt of hátt uppi, setja ætti upp annan langan spegil í rýminu í hæð fyrir alla.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða á öllum helstu áningarstöðum á svæðinu.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa stíga af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla. Skipta út yfirborðsefni ef stígarnir eru of mjúkir eða blanda saman efnum til að auka þéttleika.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna í tröppum sem eru hærri en tvö þrep.
- Setja upp hvíldarbekki á eða við stígana þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Hallormsstaðaskógur - Atlavík



Hallormsstaðaskógur - Guttormslundur



Hallormsstaðaskógur - Trjásafnið





Haukadalsskógur

Ekkert sérmerkt bílastæði er fyrir fatlað fólk. Ekkert WC í næsta nágrenni. Hvíldarbekkir eru fyrir utan göngustíginn og erfitt fyrir hjólastóla að komast að þeim og ekkert "stæði" fyrir hjólastólana við hliðina á bekknum. Hvíldarbekkir ættu að vera með bakstuðningi sé það mögulegt. Borð með áföstum bekkjum þyrftu að vera með borðplötu sem nær um 50 cm framfyrir borðfót þannig að hjólastólar geti komist fyrir við endann á borðinu.

Skógarstígur:

Skógarstígurinn er til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi en á einum staðnum er dálítill halli og væri til bóta að setja handlista þar. Setja mætti upp afstöðuskilti með mynd af stígnum í rjóðrinu, sýna þarf í hvaða átt grillhúsið er og bílastæði svo eitthvað sé nefnt. sumt fólk á erfitt með að ná áttum.

Aðrir stígar:

Lagfæra þarf samskeyti stíga og brúargólfs. Setja þyrfti upp handlista í brekkum. Stígurinn niður að læknum er of brattur fyrir hjólastólanotendur og með of miklum hliðarhalla á nokkrum stöðum auk þess að vera of mjúkur.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða á öllum helstu áningarstöðum á svæðinu.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa stíga af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja upp hvíldarbenki á eða við stígana þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Haukadalsskógur - frá brúnni að Svartagili



Haukadalsskógur - bálaðstaða við starfsmannahús



Haukadalsskógur - Grillaðstaða



Haukadalsskógur - skógarstígur





Hraunfossar – Barnafoss

Aðkoman að svæðinu er óheppileg fyrir marga. Búið er að girða af með 15 cm timburdrumbum og fylla í með möl. Hvergi er tekið úrtak eða skábraut til að brúa hæðarmuninn. Á einum stað er búið að fleyga úr efra horni timbursins þannig að það er ekki lengur hvasst horn heldur aflíðandi en það er ekki nægjanlegt til að auðvelt sé að fara með hjólastóla, barnavagna né annan hjólabúnað þar yfir.

Fyrsti útsýnispallurinn er fínn en þegar gengið er af hönum í átt að hinum útsýnispöllum þá er hæðarmismunur upp á um 10 cm. Mikill halli er víða á stígum og yfirborð frekar laust. Hæðarmunur er á stíg og timburbrú. Útsýnispallurinn við Barnafoss er óaðgengilegur nema fyrir þá sem geta gengið upp og niður tröppur. Setja þarf handlista víða. Kaðallinn sem notaður er til að stýra umferð um svæðið nýtist ekki til neins annars því hann er festur niður með járnpinnum fyrir utan stíginn þannig að ef blindur einstaklingur reyndi að fylgja honum myndi hann hnjóta um grasbörð og gróður. Snyrtingarnar eru dálítið frá bílastæðunum og það er það sama með aðkomuna, ef þú kemst ekki upp á hæðarmuninn við bílastæðin muntu ekki komast að snyrtingunum.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða uppá upphækkun frá almennum bílastæðum.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Hreinsa stíga af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Setja upp hvíldarbekki á leið frá bílastæðum að snyrtingu þannig að þeir séu hluti af göngusvæðinu.

Hraunfossar - Barnafoss



Hraunfossar - brú yfir Hvítá



Hraunfossar - Útsýnispallur



Hraunfossar- Bílastæði og WC





Hverasvæðið í Hveragerði

Nokkur bílastæði eru við aðalinnganginn en ekkert sérmerkt fötluðum. Fara þarf dálítinn spotta niðurfyrir eða uppfyrir aðkomuna til að komast upp á gangstéttina því það er hvorki tekið úr gangstéttinni né sett skábraut til að komast upp hana. Eftir að komið er upp á gangstéttina er nokkuð auðvelt að komast um svæðið. Göngustígar eru malarstígar og göngubrýr eru úr timbri. Á staðnum er móttökuhús með snyrtiaðstöðu. Ein snyrting aðgengileg fyrir alla er í húsinu en það vantar að setja upp armstöðir.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Bæta þarf aðkomu upp á gangstétt.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Þjappa þarf yfirborð stíga og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Yfirfara búnað á snyrtingu fyrir alla

Hverasvæðið í Hveragerði





Hvítserkur

Bílastæðin eru gróft malarplan og ekkert sérmerkt stæði fyrir fatlaða.

Stígurinn frá bílplaninu að útsýnispalli þarfnast lagfæringar. Útsýnispallurinn er mjög góður en laga þarf samskeyti stígs og palls. Engin snyrtiaðstaða er á svæðinu og setja þyrfti upp hvíldarbekk við útsýnispallinn.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Setja þarf upp almenn upplýsingaskilti.
- Hreinsa stíg af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.

Hvítserkur - Stígur og útsýnispallur





Jökulsárlón

Jökulsárlón að austanverðu:

Bílaplanið er með grófu yfirborði, stórir steinar og möl. Stígar eru grófir og með hliðarhalla auk þess að vera illa afmarkaðir. Stór upplýsingaskilti eru við þjónustumiðstöðina en gróft planið gerir aðkomu að þeim erfiða. Þjónustumiðstöð þar sem hægt er að komast á snyrtingu á opnunartíma er staðsett við aðkomuna að austanverðu.

Boðið er upp á siglingar um lónið og aðkoma að bátunum er nokkuð góð en þar er göngubrú beint yfir í bátinn sem keyrir á land til að sækja farþegana. Helsta hindrunin að bátunum er gróft yfirborð á göngusvæðinu og hliðarhalli á stígum.

Jökulsárlón að vestanverðu:

Aðkoma að Jökulsárlóni að vestanverðu er fær öllum bílum og með ágæt bílastæði. Engin bílastæði eru þó merkt hreyfihömluðum. Bílaplanið er með olíumöl og því auðvelt yfirferðar fyrir hjólastólanotendur. Göngustígarnir eru lagðir fínni möl sem erfitt getur verið að ferðast um á hjólastól eða með göngugrind eða barnavagn. Hellulagt svæði er undir borði með áföstum bekkjum sem staðsett er rétt við bílastæðin. Engin upplýsingaskilti eru að vestanverðu.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Bílastæði og svæði við upplýsingaskilti þurfa að vera slétt og greiðfær.
- Leggja greiðfæra stíga um svæðið.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Setja þarf upp almenn upplýsingaskilti að vestanverðu..
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.

Jökulsárlón - aðkoma að austanverðu



Jökulsárlón - Aðkoma að vestanverðu



Jökulsárlón - Bátabryggja





Kjarnaskógur

Kjarnaskógur væri tilvalið útvistarsvæði fyrir alla ef gerðar væru smá breytingar. Stígarnir eru almennt breiðir og sléttir með nokkuð þéttu yfirborði og því hentugir flestum. Hægt er að komast um nokkuð stórt svæði án hindrana en það finnast staðir þar sem eru brekkur sem eru of erfiðar handknúnum hjólastólum. Atriðin sem þarf að athuga með eru til dæmis að merkja bílastæði fyrir fatlaða, gera betri hjáleiðir við inngöngu á stíga sem eru með þverslár. Mikilvægt er að allir komist á snyrtingu og ef það er einhver starfsemi sem almenningur hefur aðgang að í byggingunni þar sem snyrtingarnar eru ætti að vera aðgengi fyrir alla allsstaðar.

Upplýsingaskilti eru ágæt en eins og almennt er þá vantar upplýsingar á punktalettri.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Bílastæði og svæði við upplýsingaskilti þurfa að vera slétt og greiðfær.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Gera greiðfærar hjáleiðir við þverslár.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.

Kjarnaskógur – Bílastæði, stígur og WC





Landmannalaugar

Landmannalaugar eru vin á hálendi Íslands og því mikilvægt að allir geti komist um svæðið. Landverðir leyfa bílum að keyra upp að þjónustumiðstöðinni sé þess þörf. Ef ferðamaður sem þarf á góðu aðgengi að halda kemur þangað án þess að vita það og leggur á almennum bílastæðum getur verið erfitt að komast um svæðið. Bílastæðin eru með mjög grófu yfirborði sem og leiðin að upplýsingamiðstöðinni, snyrtingum og skálum. Ekkert stæði er afmarkað fyrir fatlaða. Hæðarmunur er á mól og timburpöllum við snyrtingar og svæði þar sem hægt er að sitja og borða nesti. Göngubrú úr timbri tengir þjónustusvæðið við svefnskála. Önnur göngubrú liggur svo út að heitu lauginni þar sem fólk getur baðað sig í náttúrunni.

Svæðið sem er lagt timbri er almennt auðvelt yfirferðar. Göngustígurinn/brúin að heitu lauginni er reyndar lægri en pallarnir þannig að það myndast hæðarmunur sem reynt er að brúa með skáa. Stígurinn er í raun einbreiður og því gæti verið erfitt að snúa við á miðri leið á hjólastól. Heita laugin er ekki aðgengileg nema með aðstoð. Handlistar ótraustir og erfitt að ná taki á þeim auk þess sem tröppurnar niður í vatnið eru ekki mjög traustar, sérstaklega ekki neðsta trappan.

Upplýsingaskilti eru ágæt en þau eru staðsett fyrir utan timburpallana svo það er bæði hæðarmunur að þeim sem og gróft yfirborð. Jafnframt vantar upplýsingar á punktaetri.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða (helst inni á svæðinu við þjónustusvæðið).
- Bílastæði og svæði við upplýsingaskilti þurfa að vera slétt og greiðfær.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Brúa þarf hæðarmun upp á palla og út á göngustíga.
- Þegar göngustígur út að heitu lauginni verður endurnýjaður ætti að gera hann breiðari og helst með útskotspöllum og ekki væri verra að setja upp hvíldarbekki.

Landmannalaugar - Bílastæði og allar



Landmannalaugar – Heita laugin





Lystigarðurinn á Akureyri

Nokkrir inngangar eru inn í Lystigarðinn. Eitt bílastæði er merkt fötluðum við aðalinnganginn en hinir inngangarnir eru einungis með hefðbundin bílastæði. Ekki er hægt að komast upp á gangstétt við Gamla innganginn á hjólastól án aðstoðar. Garðurinn er almennt eitt stórt ævintýraland og auðvelt að komast um hann, nema þá helst í suðurenda hans en þar er dálítill halli á stígumum. Lítið vantar upp á til að garðurinn geti talist til fyrirmyndar fyrir alla fötlunarhópa.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða við alla innganga.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með köntum og/eða handlistum (er til staðar á nokkrum stöðum).
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á skábrautum.

Lystigarðurinn á Akureyri – Snyrtingar - WC



Lystigarðurinn á Akureyri – Aðalinngangur



Lystigarðurinn á Akureyri – Gamli inngangur



Lystigarðurinn á Akureyri – Suðurhlið





Námafjall - Hveraröndin

Bílastæði eru ágæt en ekkert sérmerkt fötluðum. Útsýnispallur og aðkoman að honum er til fyrirmyndar. Skilti ágæt en vantar alveg leiðbeiningar og upplýsingar fyrir blinda og mikið sjónskerta. Aðkoman að stígnum inn á hverasvæðið er illa farin sem og hluti af stígnum. Samskeyti jarðvegs og timburbrúa er víða mjög illa farin þannig að það myndast hæðarmunur. Tryggja þarf að kaðallinn sem notaður er til að leiða fólk eftir ákveðnum leiðum geti nýst sem leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta. Þar sem umhverfið er einsleitt og samfellt getur verið mjög erfitt að átta sig á staðhættum fyri þá sem eru mjög sjónskertir eða áttavilltir (áttunarörðugleikar). Fyrir þá væri til mikilla bóta að sett væru upp skilti sem segja hvar bílastæðin eru eða eitthvað í þá áttina. Lítið vantar upp á til að svæðið geti talist til fyrirmyndar fyrir alla fötlunarhópa.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum með traustum köðlum, köntum og/eða handlistum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á skábrautum og við brýr.
- Stígarnir þurfa reglulegt viðhald, þ.e.a.s. sléttun.
- Samskeyti stíga og timburpalla og -brúa þurfa reglulegt viðhald.

Námafjall – Hveraröndin





Þingvellir

Hakið:

Bílastæði eru malbikuð en sérmerкта bílastæði fyrir fatlaða er í sömu stærð almenn bílastæði og staðsett þannig að það nýtist ekki fötluðum. Stórt svæði í sömu hæð og gangstétt er beint á móti Fræðslumiðstöðinni og væri það tilvalið til að staðsetja bílastæði sérmerkt fötluðum þar. Fræðslumiðstöðin ásamt gömlu snyrtingunum er vel aðgengilegt þó hurðir séu þungar. Nýja byggingin með snyrtingum er vel aðgengileg fyrir alla en þar þarf að borga aðgang. Malarsvæðið milli fræðslumiðstöðvarinnar og útsýnispalls er mjög gróft og erfitt yfirferðar. Útsýnispallurinn/brúin er vel aðgengileg í það minnsta frá öðrum endanum, þeir sem ekki treysta sér í hallann á hinum endanum verða að snúa við og fara sömu leið til baka.

Þjónustumiðstöð/Upplýsingamiðstöð:

Aðgengi er ágætt fyrir utan að hurðir eru mjög þungar.

Helstu atriði sem þarf að huga að eru:

- Merkja og afmarka bílastæði fyrir fatlaða við Hakið og setja stærri skilti við upplýsingamiðstöð.
- Afmarka greinilega leiðarlínur fyrir blinda og sjónskerta eftir stígum.
- Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta.
- Handlistar ættu að vera beggja vegna á stígum þar sem halli fer yfir 6,25%.
- Hreinsa malarstíga og svæði af stórum steinum og klöppum, þjappa yfirborð og reyna að draga úr halla.
- Samskeyti stíga og timburpalla og -brúa þurfa reglulegt viðhald.
- Setja upp hvíldarbekki við stíga þannig að þeir séu hluti af stígakerfinu.

Þingvellir – Kaffitería - Upplýsingamiðstöð



Þingvellir – Hakið - Fræðslumiðstöð



Þingvellir – Hakið - snyrtingar



Lokaorð

Það verður að játast að undirbúningsvinna við verkefnið var einstaklega skemmtileg og fræðandi enda ekki annað hægt þegar maður hefur náttúru Íslands sem hluta af viðfangsefninu.

Þrátt fyrir að úrdrættir úr skýrslunum og merkjaúthlutunin gefi svolítið sorglega mynd af ástandi staðanna þá er það ekki alveg svo slæmt, því margt er gott og mikið hefur áunnist á síðustu árum. Ég hef einnig stiklað á þeim þáttum sem eru helstu orsakavaldar fyrir fáum merkjaúthlutunum og það eru ekki alltaf stór atriði, en engu að síður nauðsynlegt að fá þau í lag til að ná lágmarkskröfum um aðgengi fyrir alla.

Mikil vitundarvakning á sér stað um þessar mundir í þjóðfélaginu og ég er nokkuð viss um að framtíðin er björt hvað varðar aðgengi allra að náttúruperlum og ferðamannastöðum. Kannski eru ekki allir á eitt sáttir hvað varðar ný lög og reglugerðir (algild hönnun) því þar er tekið harðar á aðgengi fyrir alla en áður hefur verið gert og vonandi verður það sama í væntanlegri skipulagsreglugerð.

Ferðamannastaðir sem geta boðið öllum erlendum sem innlendum ferðamönnum velkomna óháð líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra er dýrgripur og fjöður í hattinn fyrir land og þjóð.

Ég er bjartsýnismanneskja og er sannfærð um að eftir nokkur ár (kannski mörg), þegar við virðum fyrir okkur fyrirmyndaraðstöðu með stolti, og getum tekið á móti öllum gestum, munum við horfa til baka og hugsa „Hvernig datt okkur annars í hug, þarna í denn, að bjóða upp á óaðgengilega ferðamannastaði“.

Kæra Ferðamálastofa ég vil þakka fyrir traustið og stuðninginn við þetta verkefni og ég vona að skýrslurnar verði nýttar við endurbætur í framtíðinni. Ég vil einnig minna á að ítarlegri skýrslur um hvern stað verða afhentar sem fylgiskjöl, þar koma fram atriði sem þarf að uppfylla fyrir hvern fötlunarflokk fyrir sig og gróf kostnaðaráætlun. Við hjá Aðgengi erum einnig tilbúin til að aðstoða við ráðgjöf við endurbætur fyrir þessa staði, en tímafjöldi í ráðgjöf þarf samt að vera innan skynsamlegra marka.

Einnig er mikilvægt að Ferðamálastofa komi með athugasemdir við úttektirnar og/eða skýrslurnar ef einhverjar eru, og láta okkur hjá Aðgengi vita ef og þegar eitthvað hefur verið framkvæmt á stöðunum og hefur í för með sér breytingar á skráningu.

Rétt í lokin vil ég taka fram að oft væri mikið til unnið að kalla eftir ráðgjöf og/eða teikningarýni á skipulagstillögur og hönnun áfangastaða áður en hafist er handa við framkvæmdir.

Með bestu kveðju og þökk fyrir styrkinn og samstarfið,

F.h. Aðgengis ehf – Access Iceland,
Reykjavík 30. nóvember 2011,



Harpa Cilia Ingólfssdóttir

Ferlihönnuður / Accessibility Consultant

Aðgengi ehf / Access Iceland

harpa@accessiceland.is

sími / Telf.: + 354 662 2674

www.AccessIceland.is